



Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Efni: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um biðlista í námskeið fyrir börn og foreldra á vegum Keðjunnar/Þjónustumiðstöðvar**

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 13. febrúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um biðlista í námskeið fyrir börn og foreldra á vegum Keðjunnar/Þjónustumiðstöðvar, sbr. 24. lið fundargerðar s.d.:

*Í framhaldi af tillögu Flokks fólksins um úrræði fyrir foreldra barna sem sýna árásargirni og ofbeldi vill Flokkur fólksins setja fram nokkrar fyrirspurnir. Tillögunni var hafnað af Ofbeldisvarnarnefnd á fundi 16. desember 2019 á þeim forsendum að verið væri „að setja á fót stofnun um miðlæga þjónustu sem mætti þessari þörf“. Flokkur fólksins vill vekja athygli á löngum biðlista eftir þjónustu við foreldra sem þurfa ráðgjöf verið óheyrilega langur. Foreldrar sem þurfa aðstoð við uppeldis barna sinna eiga aldrei að þurfa að bíða. Námskeið í PMTO er það sem hjálpar foreldrum hvað mest en margir hafa þurft að bíða svo vikum skipti. Biðlistarvandinn virðist vera viðvarandi vandi í borginni þegar kemur að börnum. Börn þurfa að bíða í langan tíma, allt að ár eftir margs konar þjónustu. Vitað er til að það er biðlisti einnig í ýmis konar önnur námskeið á vegum þjónustumiðstöðva.*

*Óskað er eftir að fá útarlega stöðu biðlista sundurliðaðan eftir hverfum í þau námskeið sem þjónustumiðstöðvar bjóða börnum og foreldrum þeirra upp á:*

- 1. PMTO foreldranámskeið*
- 2. Fjörkálfar*
- 3. Mér líður eins og ég hugsa – unglingar*
- 4. Klókir krakkar*
- 5. Klókir litlir krakkar*

**Svar:**

Með tilkomu Keðjunnar í ársbyrjun 2020 eru öll námskeið sem boðið er upp á sameiginleg öllum þjónustumiðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur. Í töflu 1 er að finna upplýsingar um biðlista í þau námskeið sem hér er sérstaklega spurt um. Tekið skal fram að hér eru eingöngu upplýsingar um þau námskeið sem í boði eru í dag.

Tafla 1: Fjöldi á biðlista eftir námskeiðum í febrúar 2021

	Klókir krakkar	Klókir litlir krakkar	PMTO for.	PMTO hópm.	PMTO einstakl.	Peers	Kartaflan	Fjörkálfar
ÞÁG	49 (5 boðið áður)	10	8	0	7	0	0	0
ÞB	17	9 (öllum boðið áður)	6	3	9	0	0	18
ÞGK	8 (2 áður boðið)	0	6 (3 fengið boð áður)	0	5 (1 fengið boð áður)	0	0	0
ÞLH	22 (4 boðið áður)	1	26 (1 boðið áður)	0	9	2	0	0
ÞVMH	46	18	10	8	9	0	12	0
<b>Samtals</b>	<b>142</b>	<b>38</b>	<b>56</b>	<b>11</b>	<b>39</b>	<b>2</b>	<b>12</b>	<b>18</b>

Í febrúar 2021 bíða alls 318 börn eftir að komast á námskeið en 25 foreldrar hafa fengið boð um þátttöku sem þeir hafa ekki getað þegið.

Tafla 2: Fjöldi barna/foreldra sem tóku þátt í námskeiðum á árinu 2020

Námskeið v/tilfinningalegs vanda	Fjöldi barna / foreldra
Klókir litlir krakkar	25
Klókir krakkar	33
Kartaflan	22
PMTO	289 (foreldrar v.183 barna, 400 börn á heimili)
<b>Samtals</b>	<b>369</b>

Í töflu 2 má sjá að alls tóku 369 börn og/eða foreldrar þátt í námskeiðum á árinu 2020. Vegna áhrifa Covid-19 tókst ekki að halda þann fjölda námskeiða sem áætlað hafði verið.



Regína Ásvaldsdóttir  
Sviðsstjóri